

Ed. 143. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara, og lögum nr. 50 22. apríl 1967, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

1. málslíður 2. málsg. 12. gr. laganna orðist svo:

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir breytingu á lífeyri til eftirlifandi maka sjóðfélaga í Lífeyrissjóði barnakennara til samræmis við breytingu, sem Alþingi samþykkti á síðasta þingi á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.